



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 8. janúar 2014, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 í Fellsborg

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Svenný Hallbjörnsdóttir, Signý Richter, Björn Hallbjörnsson, Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri.

Undir dagskrárliðum 1 og 2 mættu: Þórunn Bernódusdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Vigdís Elva Þorgeirsdóttir.

Undir dagskrárlið 2 og 3 mættu: Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Inga Rós Sævarsdóttir

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Leikskólinn

a) Fjárhagsáætlun 2014

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun fyrir leikskólann Barnaból sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 19. desember sl. Í áætluninni kom fram að áætlaðar tekjur vegna dagvistargjalda endurgreiðslna og seldra veitinga er áætlað 12,1 milljón. Launakostnaður er áætlaður 40,6 milljónir og vöru og þjónustukaup eru áætluð 8,9 millj. Leikskólastjóri og sveitarstjóri skýrðu helstu forsendur áætlunarinnar. Fræðslunefnd ræddi rekstur leikskólans og áætlun. Farið var yfir aðra liði fjárhagsáætlunar vegna fræðslu og uppeldismála. Ekki voru gerðar ályktanir eða athugasemdir vegna fjárhagsáætlunarinnar.

b) Innra og ytra mat

Leikskólastjóri og fræðslustjóri fóru yfir helstu forsendur innra og ytra mats í leikskólanum. Talsverð umræða varð um innra mat og kom fram að leikskólastjóri hefur verið í nokkrum samskiptum við starfsmenn Skólapúlsins með það í huga að taka upp Skólapúlsinn til gerðar innra mats. Þátttaka í Skólapúlsinum er í höndum hvers skóla fyrir sig og felur í sér framkvæmd samræmdra viðhorfakannana fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk eftir óskum hvers skóla.

Fram kom að kostnaður við Skólapúlsinn er um 42 þús. fyrir hverja könnun og reiknað með að kannanir á vegum Skólapúlsins geti verið 1-2 ári. Fræðslunefnd mælti eindregið með að Skólapúlsinn verði tekinn upp í Leikskólanum Barnabóli.



c) Skólastarfið

Leikskólastjóri fór yfir skólastarfið og greindi frá því að talsverðar sveiflur hafi verið á nemendafjölda. Skilgreiningin á stærð skólans hafi breyst frá því að vera um 40 börn í að miðast við 35 börn. Breyting á vistunartíma og aldri hafi mælst vel fyrir. Fram kom að 11 starfsmenn eru nú við leikskólann í 8.6 stöðugildum og nemendafjöldi er 32. Leikskólastjóri fór almennt yfir leikskólastarfið. Hún greindi m.a. frá því að hún hygðist láta af störfum nk. haust og muni senda bréf þar að lútandi til sveitarstjórnar.

d) Önnur mál

Leikskólastjóri fór yfir helstu breytingar sem orðið hafa á þjónustu og leikskólastarfi frá því hún hóf störf 1997.

2. Áfangaskýrsla starfshóps um málefni leik- og grunnskóla

Fyrir fundinum lá áfangaskýrsla starfshópsins dags. 16. október 2013.

Í skýrslunni er m.a. fjallað um mat á starfi, aðbúnaði og rekstri leik- og grunnskóla ásamt sameiningu skólastiganna. Þá kemur fram í skýrslunni að áhugi starfshópsins beinist m.a. að því að skoða hvaða kostir geti falist í að gera samning við Hjallastefnuna um að taka að sér starfsemi skólanna. Umræður urðu um málið og komu m.a. fram spurningar um hvort samráð yrði ekki haft við hlutaðeigandi við skóla og leikskóla þegar frekari stefna verði mótuð.

3. Grunnskóli

a) Fjárhagsáætlun 2014

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun fyrir Höfðaskóla sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 19. desember sl. Í áætluninni kom fram að áætlaðar tekjur vegna dagvistargjalda endurgreiðslna og seldra veitinga er áætlað 22,4 milljónir. Launakostnaður er áætlaður 103,8 milljónir og vöru og þjónustukaup eru áætluð 25,1 millj. Skólastjóri og sveitarstjóri skýrðu helstu forsendur áætlunarinnar. Fræðslunefnd ræddi rekstur skólans og áætlun. Ekki voru gerðar ályktanir eða athugasemdir vegna fjárhagsáætlunarinnar.



b) Innra og ytra mat

Skólastjóri og fræðslustjóri fóru yfir helstu þætti í innra og ytra mati á skólastarfinu. Fram kom að Námsmatsstofnun muni gera ytra mat á grunnskólanum á þessu ári og að kynningarfundur um það verði haldinn 29. janúar nk. Umræður urðu um Skólapúls og Skólavog sem matstæki. Fram kom að þátttaka í Skólavoginni er hugsuð sem greiningartæki fyrir fræðsluskrifstofur þar sem hægt er að bera saman ólíka þætti skólastarfs saman eftir sveitarfélögum eða skólum. Árlegur kostnaður við Skólavogina í sveitarfélagi með meira en 500 íbúa er 230 þús. Fram kom að þátttaka í Skólavoginni hentar sérstaklega vel í sveitarfélögum þar sem um fleiri en einn skóla er að ræða og þörf er á yfirsýn yfir rekstur og árangur skólastarfs í mörgum stofnunum. Þátttaka í Skólavoginni felur ekki sjálfkrafa í sér aðgang að Skólapúlsinum, greiða þarf fyrir þann aðgang sérstaklega.

Samþykkt að leitað verði eftir samstarfi sveitarfélaganna í A-Hún um að taka Skólavogina upp sameiginlega undir umsjón fræðslustjóra og að verkefnið verði vistað á fræðsluskrifstofunni.

c) Skólastarfið

Skólastjóri fór yfir skólastarfið og greindi frá helstu þáttum í kennslu og starfsháttum skólans og þeim viðburðum sem einkenndu skólastarfið á liðnu ári og því sem er á dagskrá á vorönn 2014. Fram kom að sérstakt verkefni hefur verið unnið við að bæta samskipti í stúlknaðópum í skólanum. Fram kom að kennarar eru 15 í 12 stöðugildum og aðrir starfsmenn eru 5 í u.þ.b. 4 stöðugildum. Nemendur skólans eru 93 á skólaárinu 2013- 2014.

d) Bréf skólastjóra

Í bréfinu sem er dagsett 10. desember 2013 sækir Hildur Ingólfssdóttir um leyfi frá störfum sem skólastjóri Höfðaskóla, skólaárið 2014-2015 þar sem hún hafi hlotið námsleyfisstyrk úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hún hyggst nýta sér.

Fræðslunefnd ræddi málið en samþykkti síðan samhljóða að mæla með að sveitarstjórn verði við erindinu.



e) Önnur mál

Fræðslustjóri vakti máls á því að ástæða sé til að skoða hvaða fleiri þættir en sjálft skólastarfið hafi áhrif til að betri árangur náist á samræmdum prófum. Hann benti á að fræðslunefnd gæti haft forgöngu um að leita nýrra lausna í þessum efnum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.00

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Björn Hallbjörnsson

Signý Ó. Richter

Hildur Ingólfssdóttir,

Inga Rós Sævarsdóttir

Erna Hreinsdóttir

Þórunn Bernódusdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Vigdís E. Þorgeirsdóttir

Magnús B. Jónsson

Guðjón Ólafsson